

## Aganefnd HSÍ | Úrskurður 17.4. '18

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Ingólfur Páll Ægisson leikmaður HK hlaut útilokun með skýrslu vegna óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Þróttar og HK í mfl. ka. 16.4. 2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:9 f). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins.
2. Atli Már Báruson leikmaður Hauka hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Hauka og Vals í mfl. ka. 16.4. 2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5. Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins.
3. Bjarki Már Gunnarsson leikmaður Stjórnunnar hlaut útilokun með skýrslu vegna grófs leikbrots í leik Hauka og Vals í mfl. ka. 16.4. 2018. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5. Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins.
4. Sveinbjörn Pétursson leikmaður Stjórnunnar hlaut útilokun með skýrslu vegna ógnandi hegðunar eftir að leik lauk. Óskað hefur verið eftir greinargerð frá Stjórnunni vegna málsins og verður það því aftur tekið fyrir á fundi aganefndar á morgun, miðvikudaginn 18.4. 2018.

Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Gunnar K. Gunnarsson, Sverrir Pálmason og Arnar Kormákur Friðriksson.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi þriðjudaginn 18. apríl 2018.